

## Ný og breytt eyðublöð

Vegna þeirra breytinga er urðu við stofnun Sjúkratrygginga Íslands hafa fjölmörg eyðublöð sem áður voru merkt TR verið uppfærð. Merki og heimilisfang Sjúkratrygginga Íslands er nú á þeim eyðublöðum sem senda á til þeirra og breytingar gerðar á þeim í samræni við blöðin á heimasíðunni. Einnig var bætt við merki Vinnumálastofnunar, fæðingarorlofssjóðs á þau blöð sem senda á þangað. Aftur á móti flokkast þessi eyðublöð enn sem TR-vottorð. Notandi á því ekki að verða var við breytingarnar við útfyllingu eyðublaðana.

Eyðublöðin Tilvísun til sérfræðings í hjartasjúkdómum (EB396) og Beiðni um sjúkraþjálfun (EB394) prentast nú út í einriti í stað tvíriti.

Þessar breytingar voru gerðar í útgáfu 3.1.31.22 og 3.1.31.23

Fimm ný eyðublöð hafa verið búin til:

1. Grunnvottorð læknis vegna krabbameins (EB400). Sendist til Sjúkratrygginga Íslands.
2. Grunnvottorð vegna nýrnabilunar (EB413). Sendist til Sjúkratrygginga Íslands.
3. Beiðni um greiningu vegna talmeina (EB415). Sendist til Sjúkratrygginga Íslands.
4. Beiðni um læknisvottorð vegna námsárangurs og/eða ástundunar náms (EB416). Sendist til Vinnumálastofnunar, fæðingarorlofssjóðs.
5. Fylgiblað með reikningum v/ milliríkjasamninga (EB417). Sendist til Sjúkratrygginga Íslands.

Með kveðju

EMR - Heilbrigðislausnir